

inn ok lagðisk lítt á með þeim Snorra. Lét Snorri taka mjöl fyrir honum um vetrinn ok lésk sjálfr vilja ráða lagi á en Þorkell vildi ráða hve dýrt hann seldi varning sinn. Voru mjölin tekin úr útibúri, en Þorkell stóð hjá ok lét sem hann vissi eigi.“ „En um sumarit er Orkneyingar voru búnir til hafs, vann Þorkell á Guðmundi djákn (heimamanni Snorra) ok særði hann til ólífis.“ Snorri vildi hefna, en þeir Þorkell komast burt, án þess hefndinni yrði fram komið. „Þeir Þorkell urðu afturreka um haustit á Eyrar. Reið Þorkell þá frá skipi austr í Odda ok hét á Sæmund til viðtöku ok tók hann við Þorkatli ok mest fyrir vináttu sakir við Bjarna biskup föðurbróður hans.“

II

Þess er getið löngu síðar, að Sæmundur Jónsson í Odda átti sverð er hann nefndi Rostung, og hafði mjög miklar mætur á. Liggur mjög nærri að giska á, að það sverð hafi Þorkell rostungur átt áður, en gefið Sæmundi sér til bjargar, og hafi það e. t. v. meiru um ráðið, en vináttan við Bjarna biskup, að Sæmundur tókst á hendur það sem hann vissi að Snorra fósturbróður hans mundi vera mjög á móti skapi. Menn höfðu á Íslandi mjög mikla ágirnd á góðum sverðum, og má nefna til dæmis, hvernig jafnvel heiðursmaðurinn Ingimundur gamli horfði ekki í að beita miður drengilegri aðferð til að ná góðu sverði Hrafns víkings, sem var vetur-tökumaður hans.

Aðalvopn Íslendinga munu, a. m. k. þegar nokkuð leið frá landnámstíð, hafa verið spjót og axir, og mun auðveldara hafa verið hér á landi að smíða þau vopn en góð sverð.

4. Líftaugin.

Vér erum á helvegi hér á jörðu, leiðinni til heljar, dauðinn framundan, fyrr eða síðar. Og ef vér lifum til elli, þá er langmest ævin afturför. Oss finnst það undarlegt, að svo skuli vera, og ekki gott. Og oss finnst þetta réttilega, því að svona

á ekki að vera, og er þannig einungis af því, að vér lifum ekki rétt. Tilgangurinn er ekki, að ævi vor sé leið til dauða. Tilgangurinn er að sigra dauða og afturför. Það er sambandsatriði, hvort þetta getur orðið, eða ekki. Líftaug nokkurskonar þarf að komast á milli mannanna. Vér sjáum fróðlegan vísi til slíks, þar sem herir eru. Oft hafa í hernaði verið unnar þrautir, sem virðast mannlegri orku um megn, og þessir sömu menn mundu heldur ekki hafa getað unnið, áður þeir urðu hermenn, og þarmeð samstilltari miklu en áður, orka þeirra og áhugi beindist að sama marki miklu meir en áður hafði verið. Það er þessi samstilling eða afleiðing hennar, sem líkja má við líftaug. Lífsorkan er nokkurskonar magnan eða hleðsla, sem alltaf þarf að endurnýja. Fer sú endurnýjun einkum fram í svefni. Hversu áriðandi svefninn er, má marka af því, að vér getum miklu fremur verið án matar en svefnis. Matarlausir geta menn verið vikum saman, án þess að dauði hljóti af. En fæstir mundu lifa meir en vikuna á enda, ef alls enginn svefn fengist, margir ekki einu sinni svo lengi, og þess eru jafnvel dæmi, að dauði hefir hlotist af 3 sólarhringa algerðu svefnleysi.

Nú hefi ég oft séð til þess tekið, hvernig hermenn geti sofið, og í Ennýal — sem því miður er í alltof fárra höndum ennþá — hefi ég í kafla, sem heitir Hvítasunna, vitnað í ágæta lýsingu hermanna á þessum aukna svefnhæfileika, og þýðingu þess, að meira og betur er sofið en áður. Tek ég hér nokkuð upp úr henni, því að ég hefi ekki séð neina lýsingu jafn snjalla; en að efni til kemur hún alveg heim við það, sem ég hefi séð haft eftir hermönnum í heimsstyrjöld þeirri, sem nú er. Hermaður þessi segir svo: „En það sem umfram allt gerir manninum kleift að berjast, án þess að láta hugfallast yfir mannfallinu og því sem fyrir augun ber, er svefninn. Fyrstu stundirnar er engin hvíld, og það reynir ákaflega á orku líkamans og þó einkum sálarinnar. En eftir nokkra stund verður svefnþörfin ósigrandi. Hverja mínútu, sem færi gefst, í rigningu, í dæl, á sléttum vellinum, þó að skothrið sé áköf, leggjumst vér til að sofa. Og menn skulu ekki ætla að um óværan svefn sé að ræða; við sofum undursam-

lega. Jafnskjótt og maðurinn er lagstur útaf, fer um hann blíður ylur og streymir eftir æðunum (það er einmitt hleðslan, sem með þessum orðum er lýst): maður hreiðrar um sig í einhverri laut eins og lítið barn, og er á augabragði sokkinn niður í hinn dýpsta og undursamlegasta svefn, eins og steinn sekkur niður í brunn.“

Það er hin aukna samstilling, sem er orsök hins aukna hæfileika til að sofa, og magnast þannig af lífsorku. Og þó er sú samstilling, sem í herjum verðum, til andstillingar. Hæfileikinn til að magnast, þ. e. til sambands við æðri lífstöðvar, mundi aukast því meir, því síður sem magnast væri til andstillingar, og gæti aukist jafnvel svo, að dauðinn yrði sigraður, og einnig öll kvöl og þjáning. Og þetta er það mark, sem mannkyninu ber að stefna að. Allt mannkynið þarf að eignast sameiginlegt áhugamál, enda getur svo orðið. Og hvað ætti fremur að geta fyllt allar þjóðir einum áhuga, en að setja sér það mark, að hverfa af helvegi og á leið sigrandi, ávalt batnandi lífs.

5. Aukin þekking á alheimi og lífi.

I

Merkilegt ársrit hefi ég séð, sem heitir Science in Progress (Vísindi í framför), 1942. Er þetta 3. bindi og í því ritgerðir eftir ýmsa af fremstu vísindamönnum Bandaríkjanna; 2 hinar fyrstu eru eftir stjörnufræðingana Shapley og Hubble, en þeir munu vera í allrafræmstu röð þeirra, sem einkum stunda rannsókn á sól nasveipum og stjörnuþökum utan Vetrarbrautarinnar. Telur Shapley, að fjarlægustu stjörnuþokur (vetrarbrautir), sem nú er vitað til, muni vera í 500 milljóna ljósára fjarlægð, og að á hnattmynduðu geimsvæði, sem er 1000 milljónir ljósára að þvermáli, megi gera ráð fyrir 100 milljónum slíkra sveipa, en um 200 000 milljónir sólna í hverjum (þar sem „þokan“ er orðin að sólum). Stjörnuheimurinn er alltaf að stækka og verða æ því furðulegri, sem menn kynnast honum betur. Með því furðuleg-